

Nd.

**636. Frumvarp**

til laga um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Konur eiga sama rétt eins og karlar til að njóta kenslu og ljúka fulln-  
aðarprófi í öllum nentastofnunum landsins.

2. gr.

Konur eiga sama rétt eins og karlar til hlutdeildar í styrktarfé því, sem  
veitt er af opinberum sjóðum námsmönnum við æðri og óæðri mentastofnanir  
landsins.

3. gr.

Til allra embætta hafa konur sama rétt og karlar, enda hafa þær og í  
öllum greinum, er að embættisrekstri lúta, sömu skyldur og karlmenn.

4. gr.

Með lögum þessum fellur úr gildi tilskipun 4. desbr. 1886 um rétt kvenna  
til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykjavík, prestaskólans og lækna-  
skólans og til þess að njóta kenslu í þessum síðasttöldu skólum.